

# ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

## Veiðifélag Miðfirðinga

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006  
um lax- og silungsveiði:  
Ásgeir Magnússon dómstjóri  
Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi  
Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Ár 2017, fimmtudaginn 8. júní kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman að Laugavegi 3 í Reykjavík. Mættir voru Hulda Rós Ríkisdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon dómstjóri og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

## **Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga.**

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

### **úrskurður:**

#### **1. Beiðni um mat**

Með bréfi, dags. 15. maí 2015, fór Veiðifélag Miðfirðinga fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins frá janúarmánuði 2007, sbr. VII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Var beiðnin sett fram eftir að félaginu barst krafa þar um frá eigendum jarðanna Litla-Óss, Syðsta-Óss/Stóra-Óss, Saura, Sanda og Barðs hinn 24. mars 2015. Í framhaldi þessa, og í samræmi við 6. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

#### **2. Matsfundur**

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn 24. ágúst 2015 í félagsheimilinu Ásbyrgi, Laugarbakka. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins, en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga.

Nokkur umræða varð á fundinum um hvaða þættir eru lagðir til grundvallar við arðskrárgerð og spurðu nokkrir fundarmanna um einstök atriði og komu sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum hluta þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

#### **3. Vettvangsganga o.fl.**

Vettvangsganga var farin 11. október 2016. Var í ferðinni rætt við þá veiðiréttareigendur sem óskuðu eftir að hitta matsnefnd á tilgreindum stöðum og voru aðstæður þar skoðaðar sérstaklega.

Vatnasvæði veiðifélagsins er mjög víðáttumikið og samanstendur af fjórum ám. Þrjár þeirra, Austurá, Vesturá og Núpsá, falla í þá fjórðu, Miðfjarðará. Kallast veiðisvæði ána fjögurra í daglegu tali Miðfjarðará.

Austurá, sem er vatnsmest ána, á aðalupptök sín í Arnarvatni stóra á Arnarvatnsheiði. Aðalútrennsli er úr norðvestanverðu vatninu, en á um 20 kílómetra leið sinni frá vatninu og niður í Austurárdal bætast við kvíslar úr öðrum vötnum. Laxastigi er við Kambsfoss en eftir að hann var tekinn í notkun er laxgengt allt upp að Valsfossi, sem er við heiðarbrúnina. Fyrir neðan Valsfoss taka við gljúfur sem eru nokkuð greið yfirferðar, en síðan fellur áin um flúðir fram langar og lágar eyrar, sem ná alla leið niður að Kambsfossi. Austurágljúfrið frá Kambsfossi og niður að brú á Þjóðvegi, sem liggur fram dalinn, er um sex kílómetra langt. Skammt fyrir neðan gljúfrið sameinast Austurá og Núpsá.

Vatnsminnsta áin, Núpsá, á aðalupptök sín í Kvíslavötnum á Núpsheiði. Þaðan rennur hún fyrst í suðvestur, en breytir síðan um stefnu til norðurs og fellur um svokölluð Núpsdalsdrög, niður í Núpsdalinn. Við Núpsdalsdrög fellur lítil á eða lækur sem nefnist Útsuðurskvísl, og kemur úr Útsuðursvatni, í Núpsá en eftir að komið er ofan í dalinn fellur í hana önnur lítil á, Þverá, sem kemur af Austurhálsi.

Vesturá á aðalupptök sín langt frammi á Tvídægru, en á leið sinni til byggða renna margir smálækir í ána og geta aukið vatnsmagn hennar verulega í vætutíð. Áin rennur í grunnnum farvegi norður Vesturháls fyrir austan Sléttafell. Nokkru norðan hábungu fellsins rennur ein smáá í ána, Staurskvísl. Áin beygir til vesturs og fellur fram í fossum og flúðum í alldjúpu gili niður í botn Vesturárdals. Þar í giljunum er fossinn Rjúkandi, efsti laxveiðistaðurinn í ánni. Nokkru neðar fellur lítil á sem heitir Lambá í Vesturá.

Eftir að framangreindar þrjár ár sameinast í Miðfjarðará rennur hún tiltölulega lygn um grasi grónar eyrar til sjávar.

Veiðitímabil á vatnasvæði veiðifélagsins er frá 15. júní til 25. september ár hvert. Í upphafi veiðitíma er leyft að veiða með sex stöngum, frá 3. júlí er heimilt að veiða með átta stöngum en frá 9. júlí til loka veiðitímans er heimilt að veiða með tíu stöngum hvern dag. Aðeins er leyfilegt að nota flugu sem agn við veiðar. Skylt er að sleppa öllum laxi sem er lengri en 70 cm og öllum laxi sem veiðist eftir 1. september.

#### **4. Um veiðifélagið**

Nafn félagsins er Veiðifélag Miðfirðinga, en það var stofnað á árinu 1938. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 1125/2008, sem staðfest var af Fiskistofu 26. nóvember 2008 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 15. desember 2008.

Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábuendur eftirtalinna jarða og landareigna:

Félagssvæðið nær til allra jarða sem lönd eiga að Miðfjarðará, Vesturá, Núpsá og Austurá ásamt afréttarlandinu Húksheiði og afréttarlandinu Aðalbólsheiði, en þær eru: Litli-Ós, Stóri-Ós, Syðsti-Ós, Saurar, Ytri-Reykir, Syðri-Reykir, Efri-Torfustaðir, Neðri-Torfustaðir, Urriðaá syðri, Urriðaá ytri, Ytra-Bjarg, Bjarg, Bjargshóll, Uppsá, Litli-Bakki, Barkarstaðir, Barkarstaðasel, Skárastaðir, Aðalból, Aðalbreið, afréttarlandið Aðalbólsheiði, Bjargarstaðir, Hnausakot, Núpsdalstunga, Efri-Núpur, Þverá, Foskot,

Neðri-Núpur, Neðri-Núpur ytri, Torfastaðir, Haugur, Litli-Hvammur, Litla-Tunga, Grundarás, Giljaland, Skeggjastaðir, Dalgeirsstaðir, Lækjarbær, afréttarlandið Húksheiði, Húkur, Kollafoss, Fosshóll, Huppahlíð, Huppahlíð I, Huppahlíð II, Hlíðarfoss, Brekkulækur, Króksstaðir, Staðarbakki I, Staðarbakki II, Melstaður, Barð og Sandar.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá er félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Samkvæmt 6. gr. hefur stjórn félagsins á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda.

Í 10. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

## 5. Rekstur veiðivatna

Vatnasvæði veiðifélagsins hefur verið í útleigu og nær gildandi leigusamningur frá árinu 2017 til loka veiðitímabils árið 2020. Leigusamningurinn framlengist sjálfkrafa um eitt veiðitímabil í senn sé honum ekki sagt upp af leigusala eða leigutaka fyrir 1. janúar árið áður en samningur rennur út. Samkvæmt samningnum er árleg leiga fyrir veiðirétt og veiðihús 96.000.000 króna, tengt vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2016. Leigufjárhæðin sundurliðast þannig: Laxveiðiréttur 91,3%, silungsveiðiréttur 1,6% og veiðihús 7,1%.

## 6. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í Veiðifélagi Miðfirðinga gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent öllum veiðiréttareigendum í kjölfar framangreinds fundar hinn 24. ágúst 2015. Bárust nefndinni bréf frá nokkrum veiðiréttareigendum og verða hér á eftir rakin helstu sjónarmið er þar koma fram.

### 6.1 Litli-Ós, Syðsti-Ós/Stóri-Ós

Af hálfu eigendanna er þess í fyrsta lagi krafist að einingafjöldi þessara jarða vegna aðstöðu til netaveiði verði aukinn verulega frá því sem gert hafi verið í gildandi yfirmatsgerð, enda hafi þar ekki verið tekið tillit til þess að aflagning netaveiðihlunninda þessara jarða hafi haft gríðarlega verðmætaukningu í för með sér á félagssvæði veiðifélagsins. Ljóst sé af athugasemdum með 2. mgr. 41. gr. frumvarps til laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði að vilji löggjafans hafi staðið til þess að byggja arðskrárgerð veiðifélaga á sömu grunnsjónarmiðum og fyrirmælum og áður hafi verið gert, allt frá því að lög nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði hafi verið sett. Þrátt fyrir það hafi orðið gífurlegar breytingar á arði þeirra jarða sem séu á svokölluðu ósasvæði, þar sem netaveiði hafi allajafna verið mikið stunduð áður fyrr. Þannig hafi einingum Litla-Óss fækkað frá árinu 1958 úr 47,5 í 4,1 og einingum Syðsta-Óss/Stóra-Óss fækkað úr 145,8 í 21,8 einingar. Það sýni best hvað netaveiðihlunnindi hafi verið veigamikil á þessum jörðum og varðað miklu fyrir veiði á öðrum stöðum í ánni að ákveðið hafi verið á árinu

1940 að taka netaveiðiréttindi Litla-Óss eignarnámi í þágu veiðifélagsins. Komi þessi aðstaða jarðarinnar til netaveiði því ekki til mats við arðskrárgerð þessa.

Framlag Syðsta-Óss/Stóra-Óss til arðsmyndunar í ánni með því að veiða ekki í net sé gríðarlegt og sé engum vafa undirorpið að það verð sem fáið fyrir útleigu árinna til stangveiði sé miklum mun hærra af þessum sökum en annars hefði verið. Stór hluti þess verðs sem fáið fyrir útleigu stangveiðiréttinda sé í reynd greiðsla til bæjanna við ós Miðfjarðarár fyrir að stunda ekki lax- og silungsveiði fyrir sínu landi, þ.e. á ósasvæðinu. Enda þótt veiðiréttareigendum sé nú almennt óheimilt að veiða fyrir sínu landi eftir stofnun veiðifélaga sé ekki óeðlilegt að horfa til þeirrar meginreglu við úthlutun arðs, er fram komi í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006, að hverju eignarlandi fylgi veiðiréttur í vatni á eða fyrir því landi. Sé í því sambandi mikilvægt að hafa í huga að aðstaða veiðiréttareigenda til að veiða í net fyrir sínu landi sé misjöfn og sé staða þeirra sem næst séu ósum árinna langbest hvað það varði. Sé ljóst að ef netaveiðar væru stundaðar af fullum þunga á ósasvæðinu sé einsýnt að það hefði gríðarleg áhrif á veiði annars staðar í ánni.

Í núgildandi arðskrá sé einungis 9,6 einingum úthlutað til Syðsta-Óss/Stóra-Óss vegna aðstöðu til netaveiði af þeim 10 einingum sem úthlutað hafi verið í heild vegna þessa þáttar. Ljóst sé að hér sé um allt of fáar einingar að ræða og sé sú krafa gerð að einingafjöldi jarðanna vegna þessa þáttar verði hækkaður verulega við gerð þessarar arðskrár. Megi í þessu sambandi vísa til þeirra sjónarmiða sem fram komi í niðurstöðum matsgerðar fyrir Veiðifélag Víðidalsár frá árinu 2010, þar sem horft hafi verið til framangreindra sjónarmiða við úthlutun arðs vegna aðstöðu jarðarinnar Þingeyrar til netaveiða í svokölluðum Bjargaósi.

Af hálfu eigendanna er bent á, vegna úthlutunar eininga fyrir aðstöðu til stangveiði, að í núgildandi arðskrá sé einungis níu einingum úthlutað til veiðiréttareigenda vegna silungsveiði í ánni, en hins vegar 377 einingum vegna laxveiði. Sé ljóst að silungsveiðin sé allt of lágt metin og full ástæða til að hækka verulega einingafjölda vegna hennar. Hafa verði í huga að umtalsverð silungsveiði sé neðan til í Miðfjarðará, einkum á svokölluðu silungasvæði fyrir neðan Miðfjarðarbrú, m.a. fyrir löndum Litla-Óss og Syðsta-Óss/Stóra-Óss. Sé gildi þessara veiða ótvírætt, sérstaklega þegar laxveiði er treg í ánni. Ljóst sé að umrætt svæði hafi verið vanrækt að mörgu leyti og uppbygging þess setið á hakanum, en veiðiréttareigendur þar eigi ekki að þurfa að gjalda fyrir þá staðreynd. Loks sé vakin athygli á því, vegna aðstöðu til stangveiði, að veiddum fiski í ánni hefur hin síðari ár nær eingöngu verið sleppt og þess vegna ástæða til að kannað verði hvort það kunni að hafa haft áhrif á veiðina í heild og veiði eftir einstökum veiðistöðum, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglug. nr. 403/2012 um arðskrár veiðifélaga.

Eigendurnir vísa til þess að veiðibann sé í gildi fyrir utan ósa Miðfjarðarár fyrir landi Sanda og Litla-Óss, á svæði sem nái 1.500 m frá óslínu. Í gildandi arðskrá hafi einungis tveimur einingum verið úthlutað til Litla-Óss vegna þessa, sem séu alltof fáar einingar með tilliti til stærðar og mikilvægis þess friðunarsvæðis fyrir veiði í ánni. Sé þess því krafist að einingum vegna þessa verði fjölgað verulega.

Við mat á arðskrá sé skylt samkvæmt lögum nr. 61/2006 að taka tillit til vatnsmagns og þess hvort þverár renni í veiðivatn. Hljóti því að teljast eðlilegt að eigendur Litla-Óss og Syðsta-Óss/Stóra-Óss fái það metið sérstaklega að vatnsmagn Miðfjarðarár sé langmest fyrir þeirra löndum, enda hafi þá allar þverár og lækir sameinast í Miðfjarðará. Sé

vandséð hvaða rök standi að baki því að meta vatnsmagn Miðfjarðarár, frá ósum upp að ármótum Vesturár og Austurár, sem eitt svæði sem fái allt sama vægi, þótt óumdeilt sé að vatnsmagn árinna aukist umtalsvert á þessari leið til sjávar vegna lækja, eins og Urriðaár og Steinsstaðaár, sem renni þar í hana. Sé þess krafist að tekið verði tillit til framangreinds í mati þessu.

Ekki verði séð að í gildandi arðskrá hafi verið tekið tillit til stærðar vatnsbotns, eins og lögskylt sé að gera, sbr. b-lið 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006. Með stærð vatnsbotns sé fyrst og fremst átt við flatarmál vatnsbotnsins, enda segi í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrár veiðifélaga að við mat á stærð vatnsbotns skuli horft til flatarmáls. Ástæða sé til að ætla að flatarmál vatnsbotnsins sé meira á svæðinu fyrir neðan Miðfjarðarbrú, þar sem áin renni á talsvert breiðara svæði en á efri svæðum árinna. Sú staðreynd að þetta hafi ekki verið mælt og ekki verið tekið tillit til þessa atriðis hafi án efa skert stöðu þeirra sem land eigi að ánni á ósasvæðinu. Sé gerð sú krafa að tekið verði tillit til þessa eins og lögskylt sé.

Lögð sé áhersla á að líffræðileg þýðing ósasvæðisins verði könnuð sérstaklega og mikilvægi þess við mat á búsvæðum árinna. Ósasvæðið hafi gríðarlega mikla þýðingu fyrir ána, m.a. fyrir smoltun laxfiska, en áður en þeir geti gengið í sjó þurfi þeir að ganga í gegnum flókið líffræðilegt ferli sem nefnt sé smoltun og geri þeim kleift að ganga tímabundið úr fersku vatni í sjó. Hafi verið litið svo á að fyrir villtan lax og silung skipti það sköpum að smoltunarferlið gangi eðlilega fyrir sig, en mestu afföll laxfiskastofnsins séu talin eiga sér stað á fyrstu dögum sjógöngu. Þetta ferli eigi sér stað á ósasvæðinu, á mótum ferskvatns og sjávar, og gegni svæðið þannig veigamiklu hlutverki fyrir lífríki árinna.

## 6.2 Barð

Í greinargerð eigendanna kemur fram að jörðin Barð sé neðarlega á vatnasvæði veiðifélagsins, nálægt ósasvæði árinna, og gangi þar um allur fiskur á leið sinni upp Miðfjarðarána og í hliðarárnar Austurá, Núpsá og Vesturá. Jörðin sé því vel staðsett, bæði með tilliti til aðstöðu til stangveiði og netaveiði, eins og hún hafi verið stunduð áður en veiðifélagið hafi verið stofnað á árinu 1938. Þannig hafi ádráttarveiði á laxi og silungi verið mikið stunduð frá jörðinni á árum áður. Sé talið að á árunum 1909 til 1938 hafi heildarafli Barðs verið 1223 laxar, eða um 5,5% af heildarmagni þess lax sem veiðst hafi í net í Miðfjarðará á þessum árum.

Jörðin Barð sé ein þeirra jarða á ósasvæðinu sem þurft hafi að sæta mikilli skerðingu á arði með gildandi arðskrá. Þannig hafi jörðin fengið 50 einingar af 1000 á upphafsári veiðifélagsins árið 1939, en aðeins 16,8 einingar á árinu 2006. Jafngildi þetta 66,2% skerðingu á öllu þessu tímabili. Mest hafi skerðingin verið við gildistöku gildandi arðskrár þegar einingunum hafi fækkað úr 28,8 í 16,8, eða um 41,7%. Hafi netaveiddur lax verið metinn til 10 eininga, sem sé einungis 1% af úthlutuðum arðseiningum. Slík skerðing sé óásættanleg, samræmist engan veginn skylduáðild að veiðifélaginu og svo óhófleg að jafna megi henni við eignaupptöku.

Framangreind arðsúthlutun hafi byggst á því að eigendur jarða við ósasvæðið ættu að fá skaðabætur fyrir það að veiða ekki í net. Með því hafi verðmætin og þar með einingarnar verið færðar til efstu jarðanna í vatnakerfinu og þá aðallega til þeirra sem séu við hliðarárnar. Eigendur jarða við ósasvæðið séu í minnihluta í veiðifélaginu og fari hagsmunir þeirra ekki vel saman við heildarhagsmuni veiðiréttarhafa, þar sem útteiling

arðs virðist að mestu fara eftir fjölda veiddra laxa á stöng. Ljóst sé að netaveiði geti ekki samrýmst hagsmunum stangveiðinnar og því sé mikils virði að uppræta hana í stangveiðiám. Ætti af þeim sökum að meta aðstöðu til netaveiði mun hærra en gert sé nú og horfa í því sambandi til arðskrár frá árinu 1988, enda hafi aðstaða til veiða ekki breyst síðan þá. Ætti jafnframt að taka mið af þeim samningum sem gerðir hafi verið við bændur á ósasvæðum víða um land um greiðslu hárrar þóknunar fyrir upptöku á netum. Sé krafan því sú að aðstaða til netaveiða verði metin að verðleikum og að horft verði í því sambandi til eldri arðskráa. Þá verði ekki rýrð þau veiðiréttindi sem forfeður hafi aflað, enda hafi veiðin verið talin fram bæði í skattframtölum og búnaðarframtölum.

Í greinargerðinni er og bent á að veiði, bæði á laxi og silungi, hafi verið verulega vanskráð hin síðari ár á neðsta svæði árinna og megi ráða það af veiðiskýrslum að vanskráning á veiddum löxum hafi verið mest í Miðfjarðará, eða 1,5% borið saman við um 0,5% í Austurá, Vesturá og Núpsá. Megi ætla að vanskráningin komi mest niður á silungasvæðinu neðst við árósin, þar sem land Barðs liggir. Þá sé eftirliti, þjónustu og markaðssetningu á þessu svæði mjög ábótavant. Til þessa alls verði að horfa við úthlutun arðs á þessu svæði.

Vakin sé athygli á því að í gildandi arðskrá hafi ekki verið tekið fullt tillit til bakkalengdar hólma eins og eðlilegt sé, enda skapi þeir aukna aðstöðu til veiði, hvort sem er til stangveiði eða netaveiði. Mikið vatnsmagn sé til staðar milli hólmana og meðfram landbökkum, auk þess sem flatarmál vatnsbotns sé töluvert. Í kringum hólma á svæðinu séu veiðistaðir, s.s. Hólmahylur, Sandhólmahylur og Haugsnesihylur, og sé því nauðsynlegt að tekið sé tillit til hólmana í þessu arðskrármati.

Farið sé fram á það að Steinsstaðaá verði tekin inn í arðskrármatið og að bakkar hennar verði mældir upp að fossi við Heggstaðanesveg. Sé krafa þessi á því byggð að nokkur fiskgengd sé í Steinsstaðaá og að þar séu mikilvæg búsetuskilyrði fyrir seiði. Vitað sé til þess að laxar hafi veiðst á stöng í ánni en þeir þá taldir með laxfiskum sem veiðst hafi á óvissum stöðum.

Gerð sé krafa um það að vatnsmagn Miðfjarðarár fyrir landi Barðs verði lagt að jöfnu við samanlagt vatnsmagn hliðarána, Austurár, Vesturár og Núpsár, auk þess sem vatnsmagn allra þveráa sem renni í Miðfjarðará, s.s. Urriðaár og Steinsstaðaár, verði jafnframt metið í þessu tilliti. Þá verði í matinu og tekið tillit til flatarmáls vatnsbotns.

Loks sé gerð krafa um að metin verði líffræðileg þýðing ósasvæðisins, eins og fyrir smoltun seiða og uppeldisskilyrði, og tekið verði tillit til þess að neðri hluti árinna hafi verið vanræktur, t.d. hvað varði veiðistaðagerð og seiðasleppingar. Um ósasvæðið fari bæði laxaseiði á leið til beitarsvæða í sjónum og kynþroska laxar á leið til hrygningar í ánni. Ekki hafi verið gerðar miklar rannsóknir á því hvaða hlutverki ósinn gegni fyrir lífríkið í Miðfjarðará, en finna megi þó búsvæði fyrir seiði í Barðslandi. Sé ekki ólíklegt að í þessum hluta árinna fari fram eitthvert seiðauppeldi, eins og rannsóknir á ósasvæði Langár hafi sýnt fram á að væru til staðar á ósasvæðinu þar. Sé og talið að það sama eigi einnig við um ósasvæði Laxár í Kjós.

### 6.3 Króksstaðir

Eigandi jarðarinnar bendir í fyrsta lagi á að skv. b-lið 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 skuli við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til „landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns“. Allir séu þessi viðmiðunarþættir

mælanlegir og mikilvægir þegar meta skuli vægi bakka veiðiáa. Sé þess því krafist að þeir verði allir mældir og að sú mæling verði grundvöllur fyrir vægi þessa viðmiðunarþáttar í hverri á fyrir sig. Kveðst eigandinn gera kröfu til þess að Miðfjarðará, frá ósi Vesturár, verði metin með 100% vatnsmagn svæðisins og að efri árnar, Vesturá, Núpsá og Austurá, verði samtals ekki metnar með meira en 100% vatnsmagnsins. Annars konar mat á vatnsmagni samræmist ekki tilvitnuðu ákvæði b-liðs 2. mgr. 41. gr.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gps-mælingu á bakkalengd frá árinu 2003 sé bakkalengd Króksstaða sögð 3.300 m, en samkvæmt mælingu frá 1962 sé hún sögð 3.168 m. Hins vegar vanti þar að bæta við landlengdina um 450 m, sbr. undirmatsgögn frá 2003, vegna leiðréttingar á landamerkjapunkti við Melalæk, en ranglega hafi þar verið mælt að mælipunkti nr. 164. Eigi því bakkalengd jarðarinnar með réttu að vera 3.618 m, nema annað komi í ljós við nýja mælingu landlengdarinnar.

Fyrir liggi að tekið hafi verið tillit til þess í fyrri arðskrármötum ef einstakar jarðir hafi lagt af netaveiði, þegar slíkum veiðum var hætt í Miðfjarðará á árinu 1939, til hagsbóta fyrir stangveiði á öllu veiðisvæðinu. Enda þótt viðurkennt sé að verðmæti netaveiði hafi minnkað hlutfallslega frá þeim tíma sé þó ljóst að verðmæti hennar nú sé engu minna en við arðskráryfirmatið sem fram hafi farið 1987. Sé því gerð sú krafa að netaveiði verði nú metin með sömu aðferð og gert hafi verið í því mati.

Eigandinn bendir á að stjórn veiðifélagsins hafi lokað vesturkvísl Miðfjarðarár, fyrir landi Brekkulækjar, sem runnið hafi að hluta fyrir Króksstaðalandi. Í þessari kvísl hafi verið veiðistaðir sem lagst hafi af við lokunina og veiðifélagið upplýst að tilgangurinn hafi m.a. verið sá að „færa rennsli árinna sem mest í einn farveg til að greiða fiski för“. Hafi krafa eigandans um opnun kvíslarinnar að engu verið höfð. Vegna þessa sé gerð sú krafa nú að tekið verði tillit til þessa ástands fyrir landi Króksstaða, norðan Melalækjar, og að jörðinni verði metnar sanngjarnar bætur vegna tapaðrar veiði í vesturkvíslinni og í Grjóthyl frá árinu 2005. Jafnframt verði vesturkvíslin látin vega jafnt og austurkvíslin við úthlutun eininga fyrir landlengd, þrátt fyrir þá röskun á vatnsmagni sem kvíslalokanainngrip hafi ítrekað valdið, eins og gert hafi verið í yfirmatinu frá 2006.

Bent sé á að æskilegt sé að við arðskrármatið verði horft til stangveiðitalna fyrir lengra tímabil en frá 2005, eins og t.d. allt frá arðskrármatinu 1987, svo að fá megi öruggari grundvöll fyrir meðaltalsveiði á einstökum veiðistöðum.

Eigandinn tekur fram að samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Veiðimálastofnunar um langtímarannsóknir á laxastofnum Miðfjarðarár sé líklegt að seiði nái að jafnaði göngugroska ári fyrir í Núpsá og Miðfjarðará en í Vesturá og Austurá. Sé því gerð sú krafa að gönguseiðaframléiðsla í Núpsá og Miðfjarðará verði að öðru jöfnu metin 33% meiri en í hinum ánum. Sé í því sambandi vakin athygli á því að í gildandi yfirmati hafi verið tekið tillit til þessa með því að auka vægi uppeldisskilyrða í þessum tveimur ám um 15%.

Vísað er til þess að enda þótt gildruveiðar, sem fram hafi farið í Núpsá í nokkur ár fram til ársins 2000, kunni að hafa haft einhver áhrif á veiði, sem þó sé alls óvíst, sé nú svo langt um liðið síðan gildran var fjarlægð að svæðið hafi fyrir löngu jafnað sig að fullu. Séu því engin efni lengur til neinna bóta vegna gildrunnar. Þess sé því krafist að sömu þættir verði lagðir til grundvallar við mat á Núpsá og við aðrar ár fiskihverfisins.



Loks sé farið fram á að matsnefnd sundurliði í arðskrármatinu einingar hverrar jarðar fyrir hvern þátt matsins, þ.e. landlengd og vatnsmagn, búsvæði, stangveiði og netaveiði. Enn fremur verði upplýst um útreikningsgrundvöll hvers þáttar fyrir sig fyrir hverja jörð.

#### **6.4 Skeggjastaðir, Giljaland, Litli-Hvammur og Skárastaðir**

Talsmaður jarðeigenda bendir í fyrsta lagi á að það sem hafi mest áhrif á verð laxveiðileyfa, og þar með tekjur veiðifélaga, sé það hversu margir laxar veiðist og hvar þeir hafi veiðst. Hins vegar skipti vatnsmagn árinna og bakkalengd litlu ef ekkert veiðist. Því sé það fjöldi veiddra laxa og veiðistaðurinn sem eigi að vega þyngst í arðskrármati.

Netaveiði gæti engu máli skipt í þessu tilliti, jafnvel þótt hún væri leyfð, því að ómögulegt væri að hún skilaði arði þegar tekið væri tillit til þeirra launa og útgerðarkostnaðar sem til þurfi á móti kílóverði af netaveiddum laxi. Auk þess sé aðstaða til netaveiði mjög víða, en það sé hugsanaskekkja að tengja „aðstöðu til netaveiði“ eingöngu við jarðirnar sem land eigi við neðanverða Miðfjarðará. Ástæðan fyrir meiri veiði í net þar hafi eingöngu verið sú að sami laxinn veiðist ekki tvisvar. Ósabæir hafi girt fyrir með netum og möguleikar til veiði hafi eðlilega minnkað mikið eftir því sem ofar dró við árnar. Í dag sjái allir að sú hugsun að bæta þurfi ósajörðunum upp missi vegna „aðstöðu til netaveiði“ gangi ekki upp því að þær fengju þá nánast allan arðinn af ánni, sem sé í raun sameign allra jarða á veiðisvæðinu. Í yfir 70 ár hafi stöðugt verið miðað við að bæta jörðum við ána upp missinn af netaveiðinni með ósanngjarnri arðskiptingu sem byggist á hugsanaskekkju. Slík sjónarmið séu nú úrelt.

Um landlengd sé það að segja að hún skipti litlu máli ef ekkert veiðist. Ef skoðað er hlutfallið milli lengdar veiðisvæða og veiddra laxa, eða veiddur lax á km, komi í ljós að svæðin Miðfjarðará, Austurá og Vesturá séu áþekkt hvað þetta varði. Hins vegar sé Núpsá með miklu minni veiði á hvern km en hinar árnar.

Við síðustu arðskrárgerð hafi yfirmatsmenn ákveðið að meta árnar og vægi bakkalengdar eftir vatnsmagni. Virðist sú ákvörðun æði langsótt og vanhugsuð, enda séu engin haldbær rök færð fyrir þeirri ákvörðun. Það sé veiði á stöng sem skapi tekjurnar og þá hljóti það að vera aðalatriðið hvar fiskurinn veiðist. Það eitt skipti máli fyrir utan uppeldis- og hrygningarskilyrðin. Þá séu það helst jarðirnar við Austurá, Núpsá og Vesturá sem leggi að meginstofni til það vatn sem myndi Miðfjarðará. Því ættu hlutföllin sem stuðst hafi verið við í síðasta mati í raun að vera öfug. Ef nálgast ætti þennan þátt faglega þyrfti að leggja flatarmál hverrar jarðar til grundvallar við ákvörðun hans.

Talsmaðurinn bendir á að uppeldis- og hrygningarskilyrði séu vafalaust misjöfn eftir svæðum og að fiskifræðingar vilji eflaust leggja áherslu á mikilvægi þess þáttar. Hins vegar sé stór spurning hvort ekki megi líta svo á að heildarveiði í hverri á endurspegli áhrif þessara skilyrða. Lax veiddur í Vesturá sé veiddur þar af því að hann gangi þangað, en hann sé ekki á leið á önnur veiðisvæði. Verði því að líta svo á að fjöldi veiddra laxa í Vesturá endurspegli uppeldis- og hrygningarskilyrði í þeirri á í samanburði við önnur veiðisvæði. Í þessu sambandi sé rétt að hafa í huga að Miðfjarðaráin njóti þess í veiði að þar gangi allur lax um sem sé á leið sinni í hinar árnar. Megi varlega áætlað leiða líkur að því að 75% af laxi veiddum í Miðfjarðará sé á leið til hrygningarstöðva sinna í Austurá, Núpsá og Vesturá. Aftur á móti leiki enginn vafi á því að sá lax sem veiðist í þessum þremur ám sé fiskur sem eigi rætur sínar að rekja til þeirra.

Með hliðsjón af framangreindu sé þess krafist að hvert veiðisvæði ofan Miðfjarðarár, þ.e. Austurá, Núpsá og Vesturá, fái í sinn hlut þann einingafjölda að lágmarki sem jafngildi hlut þeirra í heildarveiðinni. Innan hvers svæðis verði einingum svo skipt með þeim hætti að 60% þeirra verði úthlutað fyrir fjölda veiddra laxa á jörð, 20% fyrir veidda laxa á km (landlengdarþátturinn) og 20% fyrir uppeldis- og hrygningarskilyrði.

## 6.5 Bjargarstaðir

Landeigandinn bendir á að fyrir landi jarðarinnar dreifi áin sér í kvíslum um áreyrar og breytist rennsli hennar þar frá ári til árs. Í landamerkjaskrá jarðarinnar frá árinu 1890 komi fram að merki hennar gegnt Aðalbóli, frá Svarthamri fram í Þorvaldsá, skuli vera um austustu kvísl Austurár. Þetta þýði að hálf austasta kvíslin, svo og þær kvíslar sem séu vestan við austustu kvíslina, séu í landi Bjargarstaða. Sama gildi um hólma alla, árbakka, veiðistaði og uppeldisstöðvar vestan austustu kvíslar. Þá hafi vegagerð á vissum stöðum stíflað austustu kvíslina og þannig hindrað eðlilegt flæði um dalinn.

## 7. Skipting arðs

### 7.1 Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 1. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012 er veiðifélagi skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 10. gr. samþykktar fyrir Veiðifélag Miðfirðinga segir og að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. fyrrnefndra laga skal við niðurfjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Þá er í 7. gr. reglugerðarinnar um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurfjöfnun á veiði eða úthlutun arðs af henni.

Eigandi Króksstaða krefst þess að jörðinni verði metnar sanngjarnar bætur vegna tapaðrar veiði í vesturkvísl Miðfjarðarár og í Grjóthyl frá árinu 2005 á þeim forsendum að stjórn veiðifélagsins hafi lokað vesturkvíslinni, fyrir landi Brekkulækjar, sem runnið hafi að hluta fyrir Króksstaðalandi. Jafnframt verði vesturkvíslin látin vega jafnt og austurkvíslin við úthlutun eininga fyrir landlengd, þrátt fyrir þá röskun á vatnsmagni sem kvíslalokanainngrip hafi ítrekað valdið. Vegna þessa bendir matsnefnd á að engir veiðistaðir eru skráðir í vesturkvíslinni, í landi Króksstaða, og engin gögn liggja fyrir um að þar hafi verið veiði. Verður krafa eigandans vegna tapaðrar veiði í kvíslinni því hafnað. Hins vegar verður vægi landlengdar vesturkvíslar og austurkvíslar ákvarðað eins og fram kemur í kafla 7.4.

Eigandi Bjargarstaða bendir á að merki jarðarinnar gegnt Aðalbóli, frá Svarthamri fram í Þorvaldsá, liggi um austustu kvísl Austurár. Þetta þýði að hálf austasta kvíslin, svo og þær kvíslar sem séu vestan við hana, tilheyri Bjargarstöðum. Af þessu tilefni tekur matsnefnd fram að það falli ekki undir hennar valdsvið að úrskurða um landamerki jarða. Hins vegar er það niðurstaða hennar, að virtum aðstæðum öllum, að jafnvel þótt merkin lægju á þeim stað sem eigandinn heldur fram haggar það ekki því að einingum vegna veiði, landlengdar og uppeldis- og hrygningarskilyrða verður eftir sem áður skipt þar jafnt milli Aðalbóls og Bjargarstaða.

Eigandi Litla-Óss krefst þess að fjölgað verði verulega einingum frá því sem nú er vegna veiðibanns sem sé í gildi utan óss Miðfjarðarár, fyrir landi Sanda og Litla-Óss. Enda þótt í gildandi samþykkt fyrir veiðifélagið sé ekki að finna neina landfræðilega afmörkun á því hvar neðri mörk vatnasvæðis félagsins liggja verður við það að miða að þau liggja um ósalínu árinna í sjó. Það er álit matsnefndar að friðun svæðis neðan óss, sem leiðir af 3. mgr. 15. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, verði ekki bætt með úthlutun eininga í arðskrá veiðifélags. Kemur því ekki til úthlutunar eininga vegna þessa í arðskrá Veiðifélags Miðfirðinga.

Í arðskrármati nú er hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta milli veiðiréttarhafa. Í köflum 7.2, 7.3, 7.4 og 7.5, svo og kafla 8 hér á eftir, er greint frá niðurstöðum matsnefndar um það hvernig einingum er skipt með tilliti til þeirra viðmiðunarþátta sem tilteknir eru í framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum. Skiptingu eininga á einstaka veiðiréttareigendur má sjá í kafla 9.

### **7.2 Aðstaða til netaveiði**

Eigendur jarðanna Syðsta-Óss/Stóra-Óss og Barðs gera kröfu til þess að einingafjöldi jarðanna vegna aðstöðu til netaveiði verði aukinn verulega frá því sem nú er samkvæmt gildandi arðskrá. Fyrir liggur að talsverð netaveiði var á laxi fyrir landi þessara jarða áður en veiðifélagið var stofnað á árinu 1938 og ákveðið var að friða ár á félagssvæðinu fyrir öðrum aðferðum til laxveiði en stangveiði. Matsnefnd lítur svo á að veiðiréttareigendur sem lagt hafa af rétt til netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eigi að fá slíka aðstöðu metna til eininga í arðskrá svo fremi að hlutdeild þeirra í arðskrá vegna stangveiði komi ekki þar í staðinn. Við mat á aðstöðu til netaveiði ber við það að miða að eigendur netaveiðiréttar séu, þrátt fyrir veiðibann, sem líkast settir og væru veiðar sem þar hefðu verið stundaðar ekki bannaðar. Slíkt bann er almennt sett með hagsmuni heildarinnar í huga, í því skyni að stuðla að aukinni laxgengd upp árnar og þá aukinni stangveiði á viðkomandi félagssvæði. Verður við framangreint mat einkum horft til þess arðs sem hugsanlegt væri að hafa af þessum veiðum ef þær væru heimilar, miðað við þá netaveiði sem ætla má að einstakir veiðiréttarhafar hafi stundað áður en slíkar veiðar voru bannaðar. Við framangreint mat horfir nefndin og til þess að almennt hefur verð fyrir lax sem veiddur er í net lækkað mikið meðan verðmæti á sölu stangveiðileyfa hefur hækkað verulega á síðustu árum og áratugum. Í bókinni Miðfjarðará eftir Steinar J. Lúðvíksson, bls. 35, er að finna skrá um netaveiði á hverri jörð í Miðfjarðará á tímabilinu 1909 til 1938. Verður hún lögð til grundvallar við ákvörðun á því hvort, og þá hvaða, jörðum beri að úthluta arðseiningum vegna þessara aflögðu veiðihlunninda og þá hver skuli vera hlutfallsleg skipting milli þeirra. Telur nefndin hæfilegt að 151 eining komi til úthlutunar vegna aflagðrar netaveiði og að þær skiptist þannig að í hlut Stóra-Óss/Syðsta-Óss komi 72,7 einingar, í hlut Barðs komi 18,3 einingar, í hlut Sanda 4,8 einingar, í hlut Saura komi 13,9 einingar, í hlut Melstaðar komi 17,8 einingar og í hlut Ytri- og Syðri-Reykja komi 23,5 einingar.

### **7.3 Aðstaða til stangveiði**

Við mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á skilagreinum frá veiðifélaginu um skiptingu lax- og silungsveiði á einstökum veiðistöðum árin 2006-2016. Vegna kröfu eiganda Króksstaða um að horft verði til lengra viðmiðunartímabils en að framan getur tekur matsnefnd fram að hún telji engar forsendur nú til að víkja frá þeirri meginreglu matsnefnda um árabíl að miða við veiðitímabil frá gildistöku síðustu arðskrár. Á viðmiðunartímabilinu voru 31.373 laxar skráðir veiddir á merkta veiðistaði. Auk þess voru 252 laxar skráðir veiddir án þess að veiðistaður væri tilgreindur. Silungar skráðir á

veiðistaði voru 1.540 þessi ár, auk þess sem 106 silungar voru skráðir veiddir án þess að veiðistaðar væri getið. Þess ber að geta að silungsveiði árið 2013 er ekki í þessari tölu, en veiðibók fyrir það ár finnst ekki.

Nokkrir landeigendur á svonefndu silungasvæði, sem nær frá ósi árinna að veiðistað nr. 120, Syðrigarði, í landi Reykja og Melstaðar, hafa bent á og gagnrýnt að þar sé veiði illa skráð og svæðið illa markaðssett. Matsnefnd telur ljóst að verulega skorti á að veiddur fiskur sé skráður á veiðistað á umræddu svæði. Með þetta í huga telur nefndin rétt að veiddum fiski sem ekki hefur verið skráður á veiðistað verði skipt niður á veiðistaði á þessu svæði í hlutfalli við þá veiði sem þar hefur verið skráð. Við úthlutun eininga fyrir silungsveiði horfir nefndin og til þess að verulega hefur færst í vöxt að laxi sé sleppt á laxasvæðum árinna og því veiðist eitthvað af laxi þar oftar en einu sinni.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 4.160 einingum milli veiðiréttareigenda vegna laxveiði og 500 einingum vegna silungsveiði.

#### **7.4 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns**

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Er við það mat meðal annars horft til áætlaðs vatnsmagns og eftir atvikum veiðimöguleika.

Í tilefni arðskrármatsins var gerð ný bakkalengdarmæling fyrir vatnasvæðið. Var mæling þessi kynnt á almennum fundi sem haldinn var í veiðifélaginu 3. júlí 2016. Í fundarboði vegna fundarins var félagsmönnum bent á að þeir sem ekki kæmust á fundinn gætu fengið gögn um mælinguna og þeim veittur frestur til að gera athugasemdir við hana til 13. júlí 2016. Eftir það yrði mælingin afhent matsnefnd. Kemur fram í greinargerð mælingamanns að verkið var þannig unnið að formaður veiðifélagsins tók og lagði fyrir mælingamann gps-hnitpunkta á landamerkjum. Voru þessir punktar færðir inn í loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf. og bakkalengd milli þeirra mæld. Einnig kemur fram að smávægilegar breytingar hafi verið gerðar á mælingunni vegna athugasemda sem fram komu.

Eigandi Króksstaða krafðist þess í greinargerð sinni að auk landlengdar yrði vatnsmagn og stærð vatnsbotns á ný mælt með vísan til þess að taka skuli tillit til allra þessara stærða við úthlutun arðs samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði. Þá gerðu eigendur Litla-Óss og Syðsta-Óss/Stóra-Óss þá kröfu á sama grundvelli að tekið yrði tillit til stærðar vatnsbotnsins. Af þessu tilefni tekur matsnefnd fram að tekið hefur verið tillit til stærðar vatnsbotns við mat á búsvæðum á ný og telur nefndin ekki umfram það efni til að horfa til þess viðmiðunarþátta. Hins vegar hefur, eins og áður segir, verið meðal annars litið til áætlaðs vatnsmagns við ákvörðun á vægi landlengdar einstakra árkafla á vatnasvæðinu, en nefndin telur þó ekki sérstaka nauðsyn á mælingum á öðru en landlengd vegna þessa. Verður því ekki umfram þetta fallist á framangreinda kröfu eigandans.

Þar sem ár kvíslast um hólma miðar matsnefnd almennt við að bakkalengd kvísla skuli samtals hafa jafn mikið vægi og væri ef áin rynni á þeim stað í einni kvísl. Af því leiðir að liggi ekki sannanlega fyrir að hólmi sé séreign landeiganda öðrum megin ár verður útkoman hin sama hvort sem hólminn er tekinn með í mælingu eða ekki, enda þá út frá því gengið að hólminn teljist sameign landeigenda beggja vegna árinna. Er í því sambandi við það miðað að hólmar í ánni teljist aðeins vera þar sem árvatnið skiptist um og rennur báðum megin við þá í venjulegri vatnshæð, en að lítt grónar eyrar, sem vatn rennur yfir í algengum flóðum, teljist þar ekki með.

Allmargir hólmar eru í Miðfjarðará, aðallega á neðsta svæði árinna og á svæðinu neðan við ármótin við Vesturá, allt niður undir Laugarbakka. Þar sem svo hagar til var vestasta og austasta kvísl árinna mæld, auk þess sem mældir voru bakkar hólma þar sem hólmanir voru taldir séreign jarðar á öðrum hvorum bakka árinna og/eða eigendur óskuðu sérstaklega eftir að það væri gert. Að öðru leyti voru bakkar hólma hins vegar ekki mældir.

Að virtum öllum aðstæðum við framangreinda hólma, bæði við vettvangsgöngu, athugun á kortum og skoðun úr lofti, er það niðurstaða matsnefndar að gefa bökkum hólmana Réttarhólma og Tanga í landi Brekkulækjar, bökkum hólmana Langhólma og Eldhúshólma í landi Staðarbakka og bökkum hólmana Þriggja í landi Neðri-Torfustaða vægið 0,5. Bakkar austustu og vestustu kvíslar árinna á móti þessum hólum fá og vægið 0,5. Bakki Vesturhólma í landi Staðarbakka fær ekkert vægi.

Á neðsta svæði árinna eru þrjú stórir hólmar, Vestureyri, Stórhólmi og Óshólmi, og fá bakkar þeirra vægið 0,4. Austurbakki austustu kvíslar og vesturbakki vestustu kvíslar á móti þessum hólum fá hins vegar vægið 0,7. Bakkar annarra hólma á neðsta svæðinu fá ekki úthlutun vegna bakkalengdar.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.950 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd vatnasvæðisins. Að þeim bökkum undanskildum sem að framan greinir fá bakkar Miðfjarðará, frá ósi í sjó allt að Vesturá, vægið 1. Svæðið frá ármótum Vesturár að ármótum Núpsár fær vægið 0,9. Þá fá bakkar Núpsár vægið 0,45, bakkar Austurár, frá ármótum við Núpsá að Kambsfossi, vægið 0,8, en bakkar þar ofan við vægið 0,7. Bakkar Vesturár fá vægið 0,8.

### **7.5 Hrygningar- og uppeldisskilyrði**

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiam hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Við mat þessa þáttar hefur matsnefnd í úrskurðum sínum stuðst við mat sérfræðinga á búsvæðum viðkomandi vatnasvæðis, sé það fyrirliggjandi.

Haustið 2002 voru búsvæði á fiskgengum hluta vatnasvæðis veiðifélagsins kortlögð og metin með tilliti til hrygningar- og uppeldisskilyrða fyrir laxfiska og liggur fyrir skýrsla Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar þar um, VMST-N/0302. Kemur þar fram að við matið hafi verið farið með öllum fiskgengu hlutum vatnasvæðisins. Við matið var ánum skipt upp í einsleita kafla með tilliti til botngerðar og rennliseinkenna og framleiðslugeta ána metin til framleiðslueininga með hliðsjón af gæðum búsvæða og flatarmáli vatnsbotns.

Heildarframleiðslueiningar fiskgenga hluta vatnakerfisins voru metnar 75.617,9. Tæp 28% eininganna voru í Vesturá og tæp 30% í Miðfjarðará, neðan ármóta við Vesturá, en þessar tvær ár höfðu mesta flatarmálið. Fram kemur að Austurá hafi haft bestu búsvæðin á hvern m<sup>2</sup> af stærri ánum, eða 0,039 framleiðslueiningar, á meðan Miðfjarðará hafði einungis 0,026 framleiðslueiningar á hvern m<sup>2</sup>. Framleiðslueiningar Austurár voru um 18% af heildarframleiðslueiningum vatnasvæðisins en Núpsár um 11%. Framleiðslueiningar á kaflanum frá ármótum Núpsár og Austurár að ármótum þeirra við Vesturá voru tæp 12% af heildarframleiðslueiningum vatnasvæðisins.

Fyrir liggur skýrsla Náttúrustofu Norðurlands vestra um skiptingu framleiðslueininga í búsvæðamati fyrir laxaseiði í Miðfjarðará eftir jörðum. Leggur matsnefnd skiptingu þessa til grundvallar við úthlutun eininga vegna uppeldis- og hrygningarskilyrða, að öðru leyti en því að fallist er á það með eiganda Króksstaða að eðlilegt sé að Núpsá og Miðfjarðará fái viðbótarframleiðslueiningar umfram Vesturá og Austurá. Er í því sambandi vísað til umsagnar í skýrslu um samantekt langtímarannsókna á laxastofnum Miðfjarðarár, VMST-R/98017, að líklegt megi telja að seiði nái þar að jafnaði göngubróska ári fyrir en í Vesturá og Austurá. Telur nefndin hæfilegt að þessi aukning nemi 15%.

Samtals verður 2.200 einingum skipt milli veiðiréttareigenda vegna uppeldis- og hrygningarskilyrða í samræmi við framangreint.

## 8. Lækir og hliðarár

Nokkrir lækir og hliðarár falla í aðalárnar og eru þar helstar Steinsstaðaá, Urriðaá, Þverá í Núpsdal, Þorvaldsá og Lambá. Bakkar þeirra voru ekki mældir í fyrirbyggjandi bakkalengdarmælingu en þær voru hins vegar búsvæðametnar svo langt sem fiskur gengur. Samkvæmt áður nefndri skýrslu um skiptingu framleiðslueininga á jarðir eru þó einungis tveimur fyrstgreindu ánum ákvarðaðar þar framleiðslueiningar. Það er niðurstaða matsnefndar að framangreindar þverár séu það mikilvægar fyrir veiði á vatnasvæðinu, bæði með tilliti til þess vatnsmagns sem þær skila og hrygningar- og uppeldisskilyrða sem þar er að finna, að rétt sé að úthluta sérstökum arðseiningum til jarða sem að þeim liggja. Verður þeim úthlutað á grundvelli ætlaðrar bakkalengdar á fiskgengum köflum þeirra og ákveðast þannig: Steinsstaðaá 18 einingar, Urriðaá 10 einingar, Þverá í Núpsdal 4 einingar, Þorvaldsá 6 einingar og Lambá 1 eining. Koma þessar einingar til viðbótar þeim einingum sem úthlutað er vegna framleiðslueininga, sbr. kafla 7.5 hér að framan.

## 9. Skipting eininga

	Veiði	Landlengd	Búsvæði	Netaveiði sbr. kafla 7.2	Hliðarár sbr. kafla 8	Alls
Litli-Ós	0,0	9,1	6,9			<b>16,0</b>
Syðsti-Ós/ Stóri-Ós	130,3	51,7	46,0	72,7		<b>300,7</b>
Saurar	74,4	35,3	32,2	13,9		<b>155,8</b>
Ytri-Reykir, Syðri-Reykir	19,0	76,6	74,9	23,5		<b>194,0</b>
Efri-Torfustaðir	1,0	7,6	10,7			<b>19,3</b>
Neðri-Torfustaðir	34,2	50,7	44,9			<b>129,8</b>
Ytri-Urriðaá, Syðri-Urriðaá	34,0	20,4	25,0		5,0	<b>84,4</b>
Bjarg, Ytra-Bjarg	152,9	72,2	79,2		5,0	<b>309,3</b>
Bjargshóll	32,7	28,8	33,4			<b>94,9</b>
Uppsalar	54,1	27,2	30,5			<b>111,8</b>

Litli-Bakki	47,6	38,9	43,7			<b>130,2</b>
Barkarstaðir	90,2	42,4	45,3			<b>177,9</b>
Barkarstaðaskógur	152,8	77,6	29,0			<b>259,4</b>
Skárustaðir	195,9	102,3	78,4			<b>376,6</b>
Aðalból	120,0	78,3	70,3			<b>268,6</b>
Aðalbreið	55,8	35,3	16,0			<b>107,1</b>
Aðalbólsheiði	7,4	12,2	4,4		3,0	<b>27,0</b>
Bjargarstaðir	168,7	101,7	83,0		3,0	<b>356,4</b>
Hnausakot	141,7	51,1	45,8			<b>238,6</b>
Núpsdalstunga	255,6	185,0	106,1			<b>546,7</b>
Neðri-Núpur	137,5	57,4	63,7			<b>258,6</b>
Efri-Núpur	59,7	106,6	57,7		2,0	<b>226,0</b>
Þverá	3,2	54,1	42,0		2,0	<b>101,3</b>
Fosskot	3,2	54,9	42,7			<b>100,8</b>
Torfastaðir	17,9	25,3	21,2			<b>64,4</b>
Haugur	24,0	34,6	20,3			<b>78,9</b>
Litli-Hvammur	111,5	69,5	78,2			<b>259,2</b>
Litla-Tunga, Grundarás	222,1	117,3	71,3			<b>410,7</b>
Giljaland	58,0	56,2	17,2			<b>131,4</b>
Skeggjastaðir	213,8	77,5	50,6			<b>341,9</b>
Dalgeirsstaðir	233,8	122,1	95,0			<b>450,9</b>
Lækjarbær	109,8	159,0	99,6			<b>368,4</b>
Húksheiði	48,3	42,6	15,1		1,0	<b>107,0</b>
Húkur	295,3	232,2	173,8			<b>701,3</b>
Kollafoss, Fosshóll	246,2	113,5	62,6			<b>422,3</b>
Huppahlíð	84,4	63,5	20,7			<b>168,6</b>
Brekkulækur	447,5	144,4	96,3			<b>688,2</b>
Króksstaðir	107,3	73,4	61,2			<b>241,9</b>
Staðarbakki	150,7	55,7	51,9			<b>258,3</b>
Melstaður	22,4	83,4	71,1	17,8		<b>194,7</b>
Barð	167,9	44,8	40,0	18,3	9,0	<b>280,0</b>
Sandar	127,2	57,6	42,1	4,8	9,0	<b>240,7</b>
Alls	4660	2.950	2.200	151	39	<b>10.000</b>

## 10. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 6.492.203 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veidifélagi Miðfirðinga og rennur í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veidifélaga nr. 403/2012.

## Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Litli-Ós	16,0
Stóri-Ós/Syðsti-Ós	300,7
Saurar	155,8
Ytri-Reykir, Syðri-Reykir	194,0
Efri-Torfustaðir	19,3
Neðri-Torfustaðir	129,8
Ytri-Urriðaá, Syðri-Urriðaá	84,4
Bjarg, Ytra-Bjarg	309,3
Bjargshóll	94,9
Uppsafir	111,8
Litli-Bakki	130,2
Barkarstaðir	177,9
Barkarstaðaskógur	259,4
Skárastaðir	376,6
Aðalból	268,6
Aðalbreið	107,1
Aðalbólshéiði	27,0
Bjargarstaðir	356,4
Hnausakot	238,6
Núpsdalstunga	546,7
Neðri-Núpur	258,6
Efri-Núpur	226,0
Þverá	101,3
Fosskot	100,8
Torfastaðir	64,4
Haugur	78,9
Litli-Hvammur	259,2
Litla-Tunga, Grundarás	410,7
Giljaland	131,4
Skeggjastaðir	341,9
Dalgeirsstaðir	450,9
Lækjarbær	368,4
Húksheiði	107,0
Húkur	701,3
Kollafoss, Fosshóll	422,3
Huppahlíð	168,6
Brekkulækur	688,2
Króksstaðir	241,9
Staðarbakki	258,3
Melstaður	194,7



Barð	280,0
Sandar	240,7

**Samtals 10.000**

Reykjavík 8. júní 2017

Hulda Rós Rúriksdóttir

sign.

Ásgeir Magnússon

sign.

Magnús Ólafsson

sign.

## Gögn til afnota við matsgerð

### A. Gögn um veiði

1. Yfirlit og yfirlitsmynd yfir veiðistaði í Miðfjarðará, Vesturá, Austurá og Núpsá.
2. Hyljaskrá jarða.
3. Skilagrein um dreifingu veiði eftir veiðistöðum 1988-2015.
4. Samantektarskýrsla um dreifingu veiði eftir veiðistöðum 2016.
5. Miðfjarðará 1995. Skýrsla Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar, VMST-N/97006. Tumi Tómasson.
6. Miðfjarðará 1996, yfirlit. Skýrsla Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar, VMST-N/95010. Tumi Tómasson.
7. Samantekt langtímarannsóknna á laxastofnum Miðfjarðará í Húnaþingi. VMST-R/98017. Þórolfur Antonsson, Tumi Tómasson og Eydís Njarðardóttir, ódagsett.

### B. Gögn um land og búsvæði

1. Mat á búsvæðum laxaseiða á vatnasvæði Miðfjarðará. Skýrsla Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar mars 2003, VMST-N/0302. Eik Elfarsdóttir, Friðþjófur Árnason og Bjarni Jónsson.
2. Bakkalengdarmæling 2016, ásamt myndum af vatnasvæði veiðifélagsins og yfirlýsingu Önnu Margrétar Jónsdóttur um vinnulag við mælingu bakkalengdar.
3. Skipting framleiðslueininga í búsvæðamati fyrir laxaseiði í Miðfjarðará eftir jörðum. Gert í janúar 2017.

### C. Arðskrár

1. Yfirmatsgerð á arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga 5. júlí 2006.
2. Arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga birt í B-deild Stjórnartíðinda 15. nóvember 2006.
3. Arðskrá 30. desember 1987.

#### **D. Bréf frá eigendum veiðiréttar**

1. Bréf Óttars Yngvasonar, f.h. Kvíslar ehf., eiganda Króksstaða, dags. 29. september 2015, ásamt fylgigögnum:
  - Skýrsla Jóns Kristjánssonar fiskifræðings um skoðun á vegaframkvæmdum og raski í Miðfjarðará, dags. 5. nóvember 2009.
  - Fjórar ljósmyndir (C-F) teknar 15. ágúst 2009 af stíflugerð og vesturkvísl Miðfjarðarár, neðan stíflu, auk tveggja korta sem sýna staðsetningu mynda og lokana.
  - Sex ljósmyndir (A-F) teknar 2004 og 2005 af stíflugerð og vesturkvísl Miðfjarðarár, neðan stíflu.
2. Bréf Sævars Sigurgeirssonar, f.h. eigenda jarðanna Skeggjastaða, Giljalands, Litla-Hvamms og Skárastaða, dags. 18. september 2015, 26. júlí 2016 og 19. ágúst 2016, ásamt fylgigögnum:
  - Bréf lögmanns nokkurra veiðiréttarhafa til yfirmatsmanna, dags. 13. september 2005.
  - Bréf lögmanns nokkurra veiðiréttarhafa til yfirmatsmanna, dags. 31. janúar 2006, ásamt samantekt Sævars Sigurgeirssonar.
  - Samantekt Sævars Sigurgeirssonar fyrir fund með jarðeigendum við Vesturá 18. mars 2007, þar sem niðurstöður yfirmats voru reifaðar.
  - Bréf Sævars Sigurgeirssonar, dags. 21. mars 2017.
3. Bréf Björns Jóhannessonar hrl., f.h. eigenda jarðanna Litla-Óss, Syðsta-Óss/Stóra-Óss, dags. 10. janúar 2016.
4. Greinargerð Evu Thorstensen, f.h. eigenda Barðs, dags. 10. janúar 2016, ásamt fylgigögnum:
  - Athugasemdir Jörundur Gaukssonar hdl. við forsendur gildandi arðskrár Veiðifélags Miðfirðinga og forsendur dóms Hæstaréttar, í máli nr. 88/2009, dags. 6. desember 2015.
  - Athugasemdir við undirmat vegna jarðarinnar Barðs, dags. 22. október 2005.
  - Afrit stefnu sem þingfest var 7. mars 2007.
  - Rannsóknir á seiðastofnum á vatnasvæði Miðfjarðarár sumarið 2015.
  - Loftmyndir frá 1960 og 2015 vegna landbrots á bakka í landi Barðs, vestanmegin við Vestureyri.
  - Samantekt af vefnum „Vötn og veiði“ frá 21. júní 2010.
  - Umsögn um fyrirhugaða landfyllingu í Elliðaárvoggi.
  - Bókin Miðfjarðará. Steinar J. Lúðvíksson 1995.
5. Bréf frá Leifi Jónssyni, f.h. Bjargarstaða, dags. 30. júní 2016.
6. Afrit úr landamerkbók, afhent matsnefnd af ábúanda Melstaðar.

#### **E. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.**

1. Bréf formanns veiðifélags, dags. 15. maí 2015. Beiðni um endurskoðun arðskrár, ásamt fylgigögnum:
  - Fundargerð stjórnar veiðifélags, 10. apríl 2015.
  - Beiðni eigenda jarðanna Syðsta-Óss, Litla-Óss, Stóra-Óss, Saura og Barðs, um endurskoðun arðskrár, dags. 24. mars 2015.
2. Fundarboðun og fundargerð veiðifélags vegna fundar 3. júlí 2016.
3. Fundargerðir veiðifélags 22. apríl 1939 og 23. febrúar 1940.
4. Bréf matsnefndar til veiðifélags, dags. 30. júlí 2015. Beiðni um boðun fundar.
5. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda í Veiðifélagi Miðfirðinga, dags. 24. ágúst 2015. Frestur vegna greinargerða.
6. Bréf matsnefndar til veiðifélags, dags. 22. ágúst 2016. Boðun vettvangsferðar.
7. Fundargerð matsnefndar vegna fundar með veiðiréttarhöfum 24. ágúst 2015.
8. Samþykkt fyrir Veiðifélag Miðfirðinga birt í B-deild Stjórnartíðinda 26. nóvember 2008.
9. Listi frá formanni veiðifélagi yfir veiðiréttareigendur í félaginu.
10. Lengdarmælingar á vatnasvæði Veiðifélags Miðfirðinga frá 2006, ásamt samkomulagi sem gert var um breytingu eftir arðskrármat 2006.
11. Rekstrarreikningur Veiðifélags Miðfirðinga 2012-2015.
12. Samningar um leigu á vatnasvæði veiðifélags, ódags. 2012 og 2015.